


Samkeppniseftirlitið
Hr. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri
Borgartúni 26
125 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2009

Efni: Beiðni um tilnefningu stjórnarmanns í stjórn IP fjarskipta ehf.

Vísað er til meðfylgjandi bréfs Teymis hf. til stjórnarformanns IP fjarskipta ehf. sbr. og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009. Er þess hér með farið á leit við yður að Samkeppniseftirlitið tilnefni nýjan aðila til að taka sæti í stjórn IP fjarskipta ehf. í stað þórhallar Arnar Guðlaugssonar. Teymi telur jafnframt nauðsynlegt af þessu tilefni að vísa til ákvæða 2. mgr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en félagið lítur svo á að þér séuð tilnefningaraðili í skilningi ákvæðisins.

Virðingarfyllt,



f.h. Teymis hf.
Dóra Sif Tynes, hdl.

IP fjarskipti ehf.
Þórhallur Örn Guðlaugsson, formaður stjórnar
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2009

Efni: Framkvæmd stjórnarstarfa fyrir IP fjarskipti ehf.

Á hluthafafundi IP fjarskipta ehf. þann 6. febrúar sl. var kjörin ný stjórn fyrir félagið í samræmi við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða nr. 1/2009. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins voruð þér ásamt Hilmarí Ragnarssyni tilnefndir til stjórnarsetu og greiddi Teymi hf. yður því atkvæði sitt á framangreindum fundi. Í framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segir að um réttindi yðar og skyldur sem stjórnarmanna í IP fjarskiptum fari samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

44. gr. laga um einkahlutafélög kveður á um að félagsstjórn ásamt framkvæmdastjóra fari með stjórn félagsins. Í 46. gr. segir jafnframt að framkvæmdastjóri félags eigi sæti á fundum félagsstjórnar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt nema að félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Þá segir jafnframt að haldin skuli gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum. Samkvæmt 51. gr. laganna er það skylda félagsstjórnar og framkvæmdastjóra að gera ekki neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðlegra hagsmuna á kostnað félagsins eða annarra hluthafa. Þá kveður 108. gr. laga um einkahlutafélög á um skaðabótaskyldu stjórnarmanna vegna tjóns sem þeir kunna að valda félaginu, hluthöfum eða þriðja manni með athöfnum sínum, hvort sem um er að ræða ásetning eða gáleysi.


Teymi hf. hefur verið upplýst um að þér hafið á stjórnarfundum sínum 6. febrúar sl. meinað framkvæmdastjóra IP fjarskipta ehf., Ragnhildi Ágústsdóttur, setu á fundinum. Þá hafið þér ásamt öðrum stjórnarmönnum í félaginu lagt hart að Ragnhildi að hverfa úr starfi sínu og taka þess í stað við fyrri starfi hjá félaginu. Jafnframt hefur Teymi upplýsingar um að þér hafið haldið stjórnarfund mánudaginn 9. febrúar án þess að boða framkvæmdastjóra félagsins og átt viðræður við starfsmenn þess án þess að framkvæmdastjórinn væri viðstaddur. Þessi framkvæmd yðar á stjórnarstörfum samrýmist ekki framangreindum ákvæðum laga um einkahlutafélög. Þá telur Teymi umrædda háttsemi yðar vera til þess fallna að brjóta í bága við 30. gr. laga um um fæðingar- og foreldraorlof um vernd starfsmanna gegn uppsögnum. Brjóti vinnuveitandi gegn þeim lögum varðar það skaðabótaskyldu sbr. 31. gr. laganna.

Áður en þér tókuð sæti í stjórn IP fjarskipta taldi Teymi rétt að upplýsa yður um deilur á milli hluthafa í félaginu enda berið þér ásamt öðrum stjórnarmönnum skyldu til þess að forðast ráðstafanir sem séu til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðlegra hagsmuna á kostnað félagsins. Þér voruð jafnframt upplýstir um að það væri yfirlýst stefna Capital Plaza ehf., eiganda 49% hlutafjár í IP fjarskiptum, að koma fyrirverandi forstjóra félagsins aftur „í sæti sitt“ en Teymi lýsti sig jafnframt andsnúið þeirri fyrirætlan. Einnig var yður tjáð að núverandi framkvæmdastjóri félagsins hefði tilkynnt

um fyrirætlaða töku fæðingarorlofs frá og með ágúst nk. og nyti hún því verndar gegn uppsögn skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Engu að síður bera athafnir yðar þess merki að þér hafið frá því að þér tókuð sæti í stjórninni leitast við að veita Capital Plaza liðsinni við að bola núverandi framkvæmdastjóra úr starfi til þess að Hermann Jónasson, sem fer með atkvæðisrétt fyrir 24% hlutafjár í IP fjarskiptum, gæti tekið við því starfi. Teymi telur því bersýnilegt að óhlutdrægni yðar megi draga í efa. Jafnframt er ljóst að ólögmet uppsögn framkvæmdastjóra félagsins er til þess fallin að baka félaginu skaðabótaskyldu. Er Teymi því nauðugur einn kostur að fara þess á leit við Samkeppniseftirlitið að tilefndur verði nýr aðili í stjórn IP fjarskipta í stað yðar.

Í ljósi framangreinds er ítrekuð beiðni félagsins um að boðað verði til hluthafafundar í IP fjarskiptum við fyrsta tækifæri en jafnframt að þér grípið ekki til neinna meiriháttar ráðastafana að því er félagið varðar þar til af fundi þessum verður. Jafnframt óskar félagið eftir afriti fundargerða framangreindra stjórnarfunda úr gerðabók IP fjarskipta ehf.

Virðingarfyllst,


f.h. Teymis hf.
Dóra Sif Tynes, hdl.

Afrit sent Samkeppniseftirlitinu